



Nefndasvið Alþingis

Akureyri, 1. mars 2016  
Tilv.: 1603001

**Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri um 160. mál frá nefndasviði Alþingis um aðgerðaráætlun gegn súrnun sjávar á Norðurlóðum**

Eftirfarandi er umsögn Háskólans á Akureyri um umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um 160. mál frá nefndasviði Alþingis, tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn súrnun sjávar á Norðurlóðum:

Háskólanum á Akureyri hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar (þingskjal 160) um aðgerðaráætlun gegn súrnun sjávar á norðurlóðum. Það er svolítið á reiki hvert hlutverk starfshópsins á að vera. Það stendur t.d. að „starfshópurinn rannsaki hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á lífríki hafsins í kringum Ísland og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að sporna við þeim“. Súrnun sjávar ræðst aðallega af magni koldíoxíðs í andrúmslofti og þar af leiðandi af losun þess á heimsvísu en ekki staðbundinni losun. Þetta tengist ekki loftslagsbreytingum af mannavöldum beint, en er afleiðing losunar koldíoxíðs sem einnig veldur loftslagsbreytingum.

Það er vandséð hvernig starfshópurinn á að benda á aðgerðir gegn súrnun sjávar aðrar en þær að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Það er hins vegar mjög þarft verkefni að halda áfram mælingum á sýrustigi sjávar og flutningi kolefnis um yfirborð sjávar og afdrifum þess þar. Einnig er mikilvægt að kanna betur hvaða áhrif súrnun sjávar mun hafa á lífverur á íslenska hafsvæðinu eins og lagt er til í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Að gefnu tilefni (þingskjal 131), þar sem lögð er til stofnun loftslagsráðs má benda á að auðvelt væri að sameina þessa tvo hópa og forðast þannig tvíverknað.

Virðingarfyllst,

Eyjólfur Guðmundsson, rektor